

VARMATAP FRA STRAUMVÖTNUM

SAMANBURÐUR Á FORMÜLUM

MÆLINGAR Í KORPU HAUSTIÐ 1970

eftir

Sigmund Freysteinnsson,
Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s.f.

og

Björn Erlendsson, Orkustofnun

(Wintertime Heat Losses From Rivers)

With English Summary

VARMATAP FRA STRAUMVÖTNUM

SAMANBURÐUR Á FORMÜLUM

MÆLINGAR Í KORPU HAUSTIÐ 1970

eftir

Sigmund Freysteinsson,
Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s.f.

og

Björn Erlendsson, Orkustofnun

(Wintertime Heat Losses From Rivers)

With English Summary

ÁGRIP

Rannsóknir á varmatapi frá straumvötnum að vetrarlagi hafa verið gerðar á vegum Orkustofnunar öðru hverju síðan 1965.

Í eftirfarandi skýrslu er gerður samanburður á ýmsum formúlum til útreikninga á varmatapi eftir veðurathugunum og skýrt frá niðurstöðum varmatapsmælinga haustið 1970. Með hliðsjón af athugunum hér á landi og víðar um heim er mælt með að nota formúlur, sem gefnar eru á bls. 7, en með þeim hefur fengizt allgott samræmi milli mælinga og útreikninga. Til notkunar við útreikninga á ísmyndun er leidd út einföld nálgunarformúla fyrir varmatap frá 0°C vatnsfleti í frosti, bls. 10.

Tilgangurinn með þessum rannsóknum var einkum að skapa grundvöll til útreikninga á ísmyndun. Þess ber að geta, að þekking á varmatapinu er aðeins einn þáttur af mörgum, sem kunna þarf skil á til að geta reiknað ísmyndun í stórám.

SUMMARY

The report contains results of investigations into calculation of wintertime heat losses from rivers on basis of meteorological observations.

A comparison is made between a few formulas for the heat losses by terrestrial radiation, convection and evaporation. The difference between the various formulas for terrestrial radiation, see Fig. 1 (explanation of symbols is given on page 3), is small compared to the accuracy that can be expected in heat loss calculations. Comparison of the wind function in four sets of formulas for the heat losses by convection and evaporation is given in Fig. 2. Fig. 2 A shows the wind functions for the intervals of the wind velocity where they are supported by measurements.

The difference between the functions is not excessive in these intervals but when they are extrapolated to higher wind velocities (Fig. 2 B) the differences become very great. (It may be noted that wind velocities $10-20 \text{ m s}^{-1}$ are frequent at some Icelandic rivers in wintertime).

Direct measurements of heat losses from a small river near Reykjavík have been carried out by Orkustofnun (The National Energy Authority, Iceland). Measured versus calculated heat loss using the equations for heat loss by convection and evaporation suggested by Rimsha and Donchenko (1957), (References see p. 12), is shown in Fig. 7. (The equations used are given on p. 7). Each point represents several hours mean of the heat loss. Only periods without solar radiation are used. The measurements 1968 and 1970 are made at different sites and especially the latter under a wide variety of meteorological conditions and river discharge. It is concluded on basis of these measurements as well as investigations by USACRREL (Dingman et al. 1968, Weeks et al. 1970) that the equations by Rimsha and Donchenko give satisfactory estimates of the heat losses by convection and evaporation.

E F N I

AGRIP	Bls.	I
SUMMARY	-	II
SKYRINGAR TÁKNA (EXPLANATION OF SYMBOLS)	-	3
1 SAMANBURÐUR A FORMÚLUM TIL ÚTREIKNINGA A VARMAJÖFNUÐI	-	4
1.1 Yfirlit	-	4
1.2 Samanburður á formúlum	-	4
1.2.1 Jarðgeislun	-	4
1.2.2 Uppstreymi og uppgufun	-	5
1.3 Niðurstöður	-	7
2 MÆLINGAR Í KORPU 1970	-	8
2.1 Inngangur	-	8
2.2 Veðurathuganir	-	8
2.3 Vatnaathuganir	-	8
2.4 Mælt varmatap	-	9
2.5 Samanburður á mældu og útreiknuðu varmatapi	-	9
3 NALGUNARFORMÚLUR	-	10
4 HEIMILDIR (REFERENCES)	-	12

Tafla 1	Veðurathuganir
" 2	Vatnaathuganir - Mælt varmatap
" 3	Útreiknað varmatap
" 4	Samanburður á mældu og útreiknuðu varmatapi
" 5	$G_0 \cdot (1 - a)$; 64° nbr.
1. mynd	Samanburður á formúlum fyrir jarðgeislun
2. "	Samanburður á vindhraðaföllum
3. "	Yfirlitskort
4. "	Samanburður á vindhraða í 6,05 og 2,25 m hæð
5. "	Rennslistími
6. "	Vatnsflötur
7. "	Samanburður á mældu og útreiknuðu varmatapi

SKÝRINGAR TÁKNA (EXPLANATION OF SYMBOLS)

a	eðlisendurkast vatns (albedo of water surface)
cp	eðlisvarmi lofts (specific heat of air)
d	skyggni, km (visibility)
ea	eimþrýstingur í lofti, mb (vapor pressure of air)
ew	eimþrýstingur yfir vatni, mb (vapor pressure at water surface)
f(v)	fall af vindhraða (function of wind velocity)
F(v)	- - - - -
Go	sólgeislun í heiðskíru, cal m ⁻² s ⁻¹ (solar radiation with clear skies)
K	breytilegur stuðull (variable coefficient)
L	uppgufunarvarmi vatns (latent heat of vaporization)
N	skýjahula, 0-8 (cloud cover)
p	loftþrýstingur (air pressure)
R	gastala lofts (gas constant for air)
S	heildarvarmatap cal m ⁻² s ⁻¹ (total heat loss)
sl	varmatap við geislun cal m ⁻² s ⁻¹ (heat loss by radiation)
s2	- - uppstreymi - - - (- - - convection)
s3	- - uppgufun - - - (- - - evaporation)
ta	lofthiti, °C (air temperature)
tw	vatnshiti, °C (water -)
Ta	lofthiti, °K (air -)
Tw	vatnshiti, °K (water -)
vh	vindhraði í h metra hæð yfir jörð, m s ⁻¹ (wind velocity h metres above surface)

1 SAMANBURÐUR Á FORMÚLUM TIL ÚTREIKNINGA Á VARMAJÖFNUÐI

1.1 Yfirlit

Formúlur til útreikninga á varmajöfnuði vatnsfalla eftir venjulegum veðurathugunum voru fyrst settar fram af dr. Olaf Devik (1931). Í Sovétríkjunum hafa síðar verið gerðar víðtækar rannsóknir á þessu sviði og er skýrt frá ýmsum niðurstöðum í grein Rimsha og Donchenko (1957). Tilraunir til útreikninga á varmajöfnuði eða vatnshita straumvatna eftir veðurathugunum hafa verið gerðar víðar á seinni árum t.d. í Bandaríkjunum (Raphael 1962, Garrison & Elder 1965, Dingman, Weeks & Yen 1968, Weeks, Keeler, Parrot & Le Vine 1970), Kanada (Ferguson 1968), Frakklandi (Gras 1969), Tékkóslóvakíu (Matoušek 1971). Margir hafa fengið ágætt samræmi milli útreikninga og mælinga þrátt fyrir að formúlur, sem notaðar eru, séu mjög mismunandi, einkum að því er varðar áhrif vindhraða á uppstreymi og uppgufun. Skýringin er vafalaust sú, að vindhraði hafi yfirleitt verið lítil, en flestar formúlur gefa svipaðar niðurstöður við vindhraða innan við 5 m s^{-1} . Hér á landi hefur Orkustofnun staðið fyrir nokkrum rannsóknum á varmajöfnuði vatnsfalla með það í huga að finna grundvöll til að reikna út ísmyndun eftir veðurathugunum. Þessar rannsóknir hófust árið 1965 undir handleiðslu norsku ísasérfræðinganna dr. Olafs Devik og Edvigs V. Kanavin og hefur verið haldið áfram öðru hvoru síðan (Freysteinnsson 1967, 1968, 1969).

Hér á eftir verður gerður samanburður á mismunandi formúlum til útreikninga á þeim þáttum varmajafnaðar straumvatna, sem mestu máli skipta hér að vetri til, en það er jarðgeislun, uppstreymi og uppgufun. Hinn fræðilegi grundvöllur útreikninganna verður ekki rakinn, en um það vísast til eldri heimilda (Devik 1931, Freysteinnsson 1968).

1.2 Samanburður á formúlum

1.2.1 Jarðgeislun

Reynsluformúlur fyrir jarðgeislun eru fjöldamargar og mismunandi vegna þess að áhrif raka og skýjahulu eru reiknuð með ýmsu móti. Hér eru bornar saman fjórar ólíkar formúlur, eftir Devik, Kuz'min (Rimsha & Donchenko 1957), Anderson (Dingman, Weeks & Yen 1968) og Matoušek (1971).

Formúla Devíks er hér eins og hún hefur verið notuð af Orkustofnun (Freysteinnsson 1967). Varmatap við jarðgeislun er reiknað út eftir þessum fjórum formúlum fyrir vatnshita 0°C og 5°C , lofthita frá 5°C til -20°C og skýjahulu 0 og 8 (alskýjað). Niðurstöður eru sýndar á 1. mynd. Mesti munur á varmatapi eftir mismunandi formúlum er óverulegur, eða aðeins um $8 \text{ cal m}^{-2} \text{ s}^{-1}$. Jarðgeislum er að nokkru leyti háð staðháttum og er þess vegna ekki ástæða til að breyta frá þeim formúlum, sem hér hafa verið notaðar fyrir en niðurstöður af mælingum á jarðgeislun hér á landi að vetri til liggja fyrir.

1.2.2 Uppstreymi og uppgufun

Oftast er gert ráð fyrir, að útrunastuðullinn fyrir uppstreymi og uppgufun sé hinn sami. Formúlurnar fyrir varmatap við uppstreymi (s_2) og uppgufun (s_3) má þá draga saman í eina jöfnu :

$$s_2 + s_3 = \frac{c_p \cdot p}{R \cdot T_a} \cdot F(v) \cdot (t_w - t_a) + \frac{0,622 \cdot L}{c_p \cdot p} \cdot (e_w - e_a)$$

þar sem $F(v)$ er fall af vindhraðanum. $0,622 \cdot L / c_p \cdot p \approx 1,6^{\circ}\text{C mb}^{-1}$, lítið eitt breytilegt með loftþrýstingi og vatnshita. Stærðin með $F(v)$ er lítillega breytileg með lofthita og loftþrýstingi, en þar sem ekki er að vænta mikillar nákvæmni við ákvörðun $F(v)$ er ástæðulaust að taka tillit til þess. Þess vegna er dregið saman :

$$\frac{c_p \cdot p}{R \cdot T_a} \cdot F(v) = f(v)$$

Fyrir $f(v)$ er til sægur af formúlum sem notaðar hafa verið við útreikninga á varmajöfnuði eða uppgufun. Gerður hefur verið samanburður á nokkrum formúlum, sem byggðar eru á mælingum á varmajöfnuði. Varmatap er hér mælt í $\text{cal m}^{-2} \text{ s}^{-1} = \text{Mcal km}^{-2} \text{ s}^{-1}$, þannig að $f(v)$ er í $\text{cal m}^{-2} \text{ s}^{-1} \text{ }^{\circ}\text{C}^{-1}$. Niðurstöður eru sýndar á 2. mynd en athugasemdir um einstakar formúlur eru eftirfarandi.

Formúla dr. Devíks (1931) :

$$f(v) = 1,4 \cdot (v + 0,3)^{0,5}$$

er byggð á rannsóknum, sem til voru á þeim tíma ásamt nokkrum mælingum í ám í Noregi. Vindhraði mun mestur hafa verið um 5 m s^{-1} . Ekki er ljóst í hvaða hæð vindhraði var mældur.

Rimsha og Donchenko (1957) skýra frá niðurstöðum af miklum fjölda mælinga á varmatapi úr varmamælum með $0,07 \text{ m}^2$ vatnsyfirborði. Samanburður við mælingar í vatnsfalli sýndi að raunverulegt varmatap var 80% af því sem mældist með varmamælunum og með þeirri leiðréttingu fengu þeir

$$f(v) = 1,77 + 0,46 \cdot v^2.$$

Vindhraði, v^2 , við þessar mælingar var frá 0,0 upp í $11,6 \text{ m s}^{-1}$.

Um 10% mælinganna voru gerðar við meiri vindhraða en 5 m s^{-1} og um helmingur mælinganna var gerður við vindhraða $1-3 \text{ m s}^{-1}$. Rimsha og Donchenko gera einnig samanburð á $f(v)$ í öðrum varmatapsformúlum og formúlum fyrir uppgufun að sumri til. Þessar formúlur má samræma nokkurn veginn á forminu

$$f(v) = K + 0,45 \cdot v^2$$

þar sem K er breytilegt eftir árstíma, sem þeir telja jafngilt því að K breytist með hitamismun vatns og lofts:

$t_w - t_a; \text{ }^\circ\text{C}$	$K; \text{ cal m}^{-2} \text{ s}^{-1}$
0 til 5	0,93
5 " 10	1,27
10 " 20	1,62
20 " 30	1,97

Línulegt fall, sem nálgast þetta er

$$K = 0,93 + 0,04 \cdot (t_w - t_a)$$

Á vegum Orkustofnunar voru gerðar mælingar á varmatapi úr varmamælum við Tangafoss í marz - maí 1965 (Freysteinnsson 1967). Vatnsyfirborð í mælunum var $0,09 \text{ m}^2$ sem er sambærilegt við rússnesku mælana. Með þessum mælingum var $f(v)$ ákveðið og síðan notað óbreytt. Ef gerð er sama leiðrétting og Rimsha og Donchenko gera við mælingar í varmamælum verður

$$f(v) = 1,1 \cdot v^{0,845}$$

Vindhraði, v^2 , við þessar mælingar var frá 2 upp í 11 m s^{-1} .

Formúla Matoušek's (1971):

$$f(v) = 1,62 + 0,23 \cdot v^2$$

er byggð á mælingum í veituskurði í Tékkóslóvakíu. Vindhraði við mæl-

ingarnar var frá 0 upp í $3,5 \text{ m s}^{-1}$.

Á vegum U.S. Army Cold Regions Research and Engineering Laboratory, (CRREL), hafa verið gerðar mælingar og útreikningar á vatnshita í ám að vetri til (Dingman et al. 1968, Weeks et al. 1970). Niðurstöður af þessum rannsóknum voru m.a. að formúlur Rimsha & Donchenko væru not-hæfar til að reikna út varmatap við uppstreymi og uppgufun að vetri til.

Samanburður á $f(v)$ eftir ofangreindum formúlum er sýndur á 2. mynd. Á því bili, sem raunverulegar mælingar ná til (2. mynd A) er ekki ýkja mikill munur á $f(v)$ eftir hinum ýmsu formúlum. Formúlur Devik's og Matoušek's gefa vafalaust of lítið varmatap við meiri vindhraða en um 5 m s^{-1} . Ekki er kunnugt um mælingar við meiri vindhraða en $11 - 12 \text{ m s}^{-1}$. Þar fyrir ofan gefur formúla Orkustofnunar töluvert meira varmatap en formúla Rimsha - Donchenko. Hin síðarnefnda er byggð á miklu fleiri mælingum og er væntanlega næst lagi að nota hana.

1.3 Niðurstöður

Með hliðsjón af undanfarandi samanburði, sem og mælingum sem skýrt er frá í eftirfarandi kafla, er mælt með að nota eftirtaldar formúlur :

Varmatap við geislun :

$$s1 = (13,18 \cdot 10^{-9} \cdot T_a^4 \cdot (0,46 - 0,06 \cdot e_a^{0,5}) - G_o \cdot (1 - a)) \cdot (1 - 0,012 \cdot N^2) + 13,18 \cdot 10^{-9} \cdot (T_w^4 - T_a^4)$$

Varmatap við uppstreymi :

$$s2 = (K + 0,45 \cdot v^2) \cdot (t_w - t_a)$$

Varmatap við uppgufun :

$$s3 = (1,56 \cdot K + 0,70 \cdot v^2) \cdot (e_w - e_a)$$

$$K = 0,93 + 0,04 \cdot (t_w - t_a)$$

2 MÆLINGAR Í KORPU 1970

2.1 Inngangur

Mælingar þessar voru gerðar með sömu tækjum og framkvæmdar á sama hátt og mælingar 1968 (Freysteinnsson 1969). Grunnmynd af mælikaflanum, sem er skammt norðan við brúna á Þjóðveginum, er á 3. mynd. Rennsli árinna á þessum stað er meira en þar sem mælingar voru gerðar 1968 og tókst nú að ná mælingum við miklu fjölbreyttari skilyrði en þá.

2.2 Veðurathuganir

Samfelldar mælingar á lofthita, rakastigi, vindhraða og vindátt voru gerðar við ána. Athuganir á skýjahulu og úrkomu voru óreglubundnar og er stuðzt við athuganir Veðurstofunnar í Reykjavík um þá hluti. Niðurstöður veðurathugana yfir þau tímabil, þegar varmatap var reiknað út, eru í töflu 1. Vindhraði var mældur í 6,05 m hæð yfir jörð og um skeið einnig í 2,25 m hæð. Gerður var samanburður á vindhraða í þessum tveimur hæðum, sjá 4. mynd. Lína, sem gefur bezta nálgun við mælingarnar, er :

$$v_{2,25} = 0,02 + 0,88 \cdot v_{6,05}.$$

Þetta er mjög nálægt "sjöundu rótartöflu" :

$$v_{2,25} = \left(\frac{2,25}{6,05} \right)^{1/7} \cdot v_{6,05} = 0,87 \cdot v_{6,05}.$$

2.3 Vatnaathuganir

Samfelldar mælingar á vatnshita með hitaritum voru gerðar á tveimur stöðum, I og II, sjá 3. mynd. Lengd árinna milli mælistaða er um 385 metrar.

Vatnshæð var mæld með síritum, fyrst ofan við brúna en lengst af þar sem síritinn er núna, sjá 3. mynd. Gerðar voru nokkrar rennslismælingar í samvinnu við vatnamælingar Orkustofnunar til að sannprófa lykil fyrir síritann eftir að hann var fluttur.

Rennslistími milli I og II var mældur með salthraðaáðferðinni. Niðurstöður eru sýnar á 5. mynd.

Vatnsflötur var ákveðinn eftir uppdrætti, sem gerður var af landmælingum Orkustofnunar (3. mynd) og síðar við mismunandi rennsli með mælingum út frá hælum, sem mældir höfðu verið inn. Niðurstöður eru á 6. mynd. Á 5. og 6. mynd sést, að rennslistími og vatnsflötur er hvort tveggja vel ákvarðað við minna rennsli en um $2 \text{ m}^3 \text{ s}^{-1}$. Við meira rennsli en um $2 \text{ m}^3 \text{ s}^{-1}$ er nokkur óvissa um þessa hluti.

2.4 Mælt varmatap

Varmatap frá ánni er reiknað eftir mælingum á vatnshita, vatnsfleti, rennsli og rennslistíma á sama hátt og gert var við mælingar 1968. Niðurstöður eru í töflu 2. Mælt varmatap er notað til samanburðar við útreiknað varmatap eftir veðurathugunum, þegar sólgeislunar gætir ekki. Þess vegna hefur aðeins verið unnið úr vatnshitamælingunum frá því skömmu fyrir sólsetur þar til skömmu eftir sólarupprás.

2.5 Samanburður á mældu og útreiknuðu varmatapi

Eins og fyrr segir benda mælingar hér og erlendis til þess, að formúlur Rimsha og Donchenko gefi sennilegastar niðurstöður um uppgufun og uppstreymi að vetri til. Varmatap er reiknað út eftir veðurathugunum með formúlunum, sem gefnar eru í grein 1.3 hér að framan. Niðurstöður eru í töflu 3.

Samanburður sýnir að mælda varmatapið er til jafnaðar hærra en varmatap reiknað eftir veðurathugunum. Munurinn verður minni, ef sleppt er þeim mælingum, sem gerðar eru við meira rennsli en $2 \text{ m}^3 \text{ s}^{-1}$ og e.t.v. eru að einhverju leyti vafasamar vegna ónákvæmni í rennslistíma og vatnsfleti.

Eftirathugunum 1968, sem gerðar voru með sama hætti en á öðrum stað í ánni, var útreiknað varmatap hærra en mælt.

Í töflu 4 eru tekin saman meðaltöl mælds og útreiknaðs varmataps yfir tímabil með samfelldum mælingum, en þó er sleppt þeim tímum á kvöldin og morgnana, þegar um sólgeislun gat verið að ræða. Einnig eru tekin sams konar meðaltöl eftir mælingum frá 1968. Þessi samanburður er sýndur á 7. mynd.

Samræmi milli mælinga og útreikninga er ágætt eftir atvikum. Hér er um flókið samspil margra þátta að ræða, ónákvæmni í mælingunum hlýtur að vera töluverð og þess er ekki að vænta að formúlur til útreikninga á varmatapi eftir veðurathugunum gefi ætíð réttar niðurstöður fyrir mjög stutt tímabil.

3. NÁLGUNARFORMÚLUR

Útreikningar á varmatapi hafa fram til þessa aðallega verið gerðir í sambandi við útreikninga á ísmyndun í straumvötnum á Þjórsársvæðinu. Athuganir þar hafa sýnt, að eimþrýstingur loftins í frosti er til jafnaðar nálægt því að vera fall af lofthita :

$$e_a = 5 \cdot \exp(0,09 \cdot t_a)$$

Óvíst er að þetta gildi annars staðar, en frávik geta ekki verið mjög mikil, vegna þess hve mettnarþrýstingurinn er lítil í frosti, t.d. 4,2 mb við $+5^\circ\text{C}$, 2,9 mb við $+10^\circ\text{C}$ og 1,9 mb við $+15^\circ\text{C}$. Þegar vatnshitinn er 0°C er $e_w = 6,11$ mb og verður þá $e_w - e_a$ mjög nálægt því að vera bein lína, þegar lofthiti er milli 0 og $+15^\circ\text{C}$. Fyrir varmatap við geislun er hægt að leiða út nálgunarformúlu (Devik 1931, Freysteinson 1967) :

$$s_l = (23,5 - G_0 \cdot (1 - a)) \cdot (1 - 0,012 \cdot N^2) + 1,05 \cdot (t_w - t_a).$$

Þegar þetta er tekið saman með formúlunum fyrir varmatap við uppgufun og uppstreymi, verður nálgunarformúla fyrir heildarvarmatap frá 0°C vatnsfleti við lofthita 0 til $+15^\circ\text{C}$:

$$S = (23,5 - G_0 \cdot (1 - a)) \cdot (1 - 0,012 \cdot N^2) + 3 - 2,74 \cdot t_a + 0,73 \cdot v_6 - 0,51 \cdot t_a \cdot v_6. \quad \text{Mcal km}^{-2} \text{ s}^{-1}.$$

G_0 sólgeislun í heiðskíru, $\text{cal m}^{-2} \text{ s}^{-1}$,
 a eðlisendurkast vatnsins,
 N skýjahúla, 0 til 8,
 t_a lofthiti, $^\circ\text{C}$,
 v_6 vindhraði í 6 m hæð, m s^{-1} .

Frávik milli nálgunarformúlunnar og formúlanna í grein 1.3 er óverulegt, eða mest um $5 \text{ cal m}^{-2} \text{ s}^{-1}$, ef eimþrýstingurinn er eins og gert var ráð fyrir.

Sólgeislun er hverfandi lítil hér á landi frá því í byrjun nóvember fram í miðjan febrúar. Í töflu 5 eru sólarhringsmeðaltöl yfir $G_0 \cdot (1 - a)$ á 64° nbr.

Go er tekið eftir mælingum í Reykjavík (Einarsson 1966) en gizkað er á a með hliðsjón af töflum yfir mánaðarmeðalgildi þess hjá Budyko (1956). Mánaðarmeðaltöl sólgeislunar á ýmsum stöðum á landinu hafa verið áætluð af Markúsi Á. Einarssyni (1969).

4 HEIMILDIR (REFERENCES)

- Budyko M.I. 1956 : The heat balance of the earth's surface (Translated by Nina A. Stepanova Office of Climatology, from Teplovoi balans zemnoi poverkhnosti, Gidrometeorolgicheskoe izdatel'stvo, Leningrad), U.S Weather Bureau, Washington D.C. 1958, p. 40.
- Einarsson, Markus Á., 1966 : Global radiation in Reykjavik and its relation to some meteorological elements, Meteorologiske Annaler, Bd. 4 Nr. 20, p. 571-616.
- Einarsson, Markús Á., 1969 : Global radiation in Iceland. Veðurstofa Íslands, Reykjavík. 28 p.
- Devik, Olaf, 1931 : Thermische und dynamische Bedingungen der Eisbildung in Wasserläufen. Geofys. Publ. Vol. IX, No. 1, Oslo.
- Dingman, S.L., Weeks, W.F., and Yen, Y.C., 1968 : The effects of thermal pollution on river ice conditions. Water Resources Research Vol. 4, No. 2, p. 349 - 362.
- Ferguson, H.L., 1968 : A preliminary estimate of the ice-season energy balance for the Niagara River. Bulletin of the I.A.S.H., XIII^e, No. 3, p. 41 - 58.
- Freysteinnsson, S., 1967 : Varmatap frá vatnsföllum. Greinargerð um útreikninga. Raforkumálastjóri, Reykjavík.
- Freysteinnsson, S., 1968 : Water temperature and heat balance of rivers. Jökull, 18, p. 359 - 370.
- Freysteinnsson, S., 1969 : Varmatap frá straumvötnum. Mælingar í Korpu haustið 1968. Orkustofnun, Reykjavík.
- Garrison, Jack M., and Elder, Rex A., 1965 : A verified rational approach to the prediction of open channel water temperatures. XI congress of the I.A.H.R., Leningrad, 8 p.

Gras, R., 1969 : Simulation du comportement thermique d'une riviere a partir des donnees fournies par un reseau classique d'observations meteorologiques. Thirteenth congress of the I.A.H.R., Proceedings Vol. 1, p. 491 - 502.

Matoušek, Václav, 1971 : Tepelná bilance otevřených přivaděčů (Heat-exchange calculation of open channels, in Czech), Povodí Ohře, Chomutov.

Raphael, Jerome M., 1962 : Prediction of temperature in rivers and reservoirs. Journal of the Power Division, Proc. ASCE Vol. 88, No. PO2, Part 1, p. 157 - 181.

Rimsha, V.A., & Donchenko, R.V., 1957 : Issledovaniye teplopoter's otkrytoy vodnoy poverkhnosti v zimneye vremya (The investigation of heat loss from free water surfaces in wintertime, in Russian), Leningrad Gosudarstvennyi Gidrologicheskii Institut, Trudy, vol. 65, p. 54 - 83.

Weeks, W. F., Keeler, C.M., Parrot, W., and Le Vine, D., 1970 : Wintertime dissipation of heat from the North Platte River, Glenrock, Wyoming. Corps of Engineers, U.S. Army, Cold Regions Research and Engineering Laboratory (Manuscript), Hanover, New Hampshire.

TAFLA 1 VEDURATHUGANIR

Skýringar :

TA	lofthiti, ° C
EA	eimprýstingur í lofti, mb
V6	vindhraði í 6 m hæð, m s ⁻¹
V2	vindhraði í 2 m hæð, m s ⁻¹
N	skýjahula, 0 - 8
D	vindátt, 0 - 360° réttvísandi
TW	vatnshíti, ° C
EW	eimprýstingur yfir vatni, mb
W	veðrið :

- 0 Hálfskýjað eða minna allt tímabilið
- 1 Hálfskýjað eða minna nokkurn hluta tímabilsins, en meira en hálfskýjað hinn hlutann
- 2 Meira en hálfskýjað allt tímabilið
- 3 Moldrok, sandfok, sandbylur eða skafrenningur.
- 4 Þoka eða dimmt mistur
- 5 Úði (súld)
- 6 Rigning
- 7 Snjócoma eða slydda
- 8 Skúrir eða él (hryðjuveður)
- 9 Þrumuveður (með eða án úrkomu)

DAGS	KL	TA	EA	V6	V2	N	D	W	TW	EW
700907	18-20	9,7	7,6	2,0		8,0	160	2	9,8	12,1
700907	20-22	7,3	7,7	0,6		5,0	160	2	9,8	12,1
700907	22-24	4,1	7,6	1,2		4,5	150	2	9,3	11,7
700908	00-02	4,4	8,2	1,9		5,5	110	8	8,4	11,0
700908	02-04	4,7	6,4	1,8		4,5	150	4	7,8	10,6
700908	04-06	2,8	5,8	2,8		3,0	100	1	7,3	10,2
700908	06-08	1,8	6,1	2,3		1,5	100	1	6,8	9,9
700916	18-20	9,0	8,6	7,2		8,0	80	6	7,3	10,2
700916	20-22	8,5	8,3	6,7		8,0	80	6	7,5	10,4
700916	22-24	8,0	8,4	8,3		8,0	80	6	7,3	10,2
700917	00-02	7,4	8,1	9,0		6,5	85	6	7,1	10,1
700917	02-04	6,5	8,3	4,9		5,0	100	4	6,8	9,9
700917	04-06	6,2	9,2	4,1		4,5	110	2	6,5	9,7
700917	06-08	6,5	8,7	5,1		5,0	110	8	6,3	9,6
700917	08-10	7,3	8,6	6,0		7,0	110	8	6,3	9,6
700917	18-20	8,4	9,0	3,2		4,0	130	2	8,9	11,4
700917	20-22	6,7	9,1	3,4		4,0	110	1	8,8	11,3
700917	22-24	5,3	8,5	3,2		2,5	100	0	8,2	10,9
700918	00-02	4,8	8,0	3,0		3,0	90	1	7,3	10,2
700918	02-04	4,9	7,2	5,0		5,0	70	2	6,6	9,8
700918	04-06	6,1	7,3	5,0		6,0	60	2	6,2	9,5
700918	06-08	6,3	7,1	3,9		7,5	80	6	6,0	9,4
700918	08-10	6,1	7,9	5,0		6,0	70	6	6,0	9,4
700918	18-20	8,5	9,9	2,5		5,0	300	2	9,5	11,9
700918	20-22	7,6	9,2	3,9		4,0	300	2	9,2	11,6
700918	22-24	6,6	9,1	2,8		4,5	270	2	8,7	11,3
700919	00-02	6,5	9,3	2,3		6,0	250	2	8,3	11,0
700919	02-04	6,4	9,3	2,3		7,0	230	2	7,4	10,3
700919	04-06	5,8	9,0	2,2		7,0	200	2	7,0	10,0
700919	06-08	5,7	9,0	2,1		7,0	180	2	7,0	10,0
700919	18-20	7,8	6,8	2,9		1,0	90	0	9,1	11,6
700919	20-22	4,4	6,5	1,6		0,0	90-180	0	8,6	11,2
700919	22-24	1,8	6,7	1,9		1,0	100-180	0	8,0	10,7
700920	00-02	0,7	6,3	2,3		0,5	120-150	0	7,0	10,0
700920	02-04	0,1	6,0	1,7		0,0	110-180	0	6,1	9,4
700920	04-06	-0,1	5,9	2,9		0,5	100	0	5,4	9,0
700920	06-08	-0,4	5,5	1,8		1,0	120-180	0	5,0	8,7
700920	18-20	7,8	8,1	1,1		1,5	280-310	0	9,1	11,6
700920	20-22	4,6	8,1	1,1		2,0	150	0	9,0	11,5
700920	22-24	3,4	7,5	2,6		1,0	110	0	8,3	11,0
700921	00-02	1,4	6,5	2,7		0,0	150	0	7,2	10,2
700921	02-04	0,8	6,2	1,9		0,0	120-180	0	6,4	9,6
700921	04-06	1,3	5,8	2,2		0,5	110-180	0	5,7	9,2
700921	06-08	1,9	5,9	2,6		1,0	110	0	5,2	8,9
700921	08-10	5,9	6,7	2,8		1,0	110	0	5,0	8,7
700921	18-20	9,6	7,2	6,0		7,0	90	2	8,8	11,3
700921	20-22	8,8	7,1	6,9		7,0	90	2	8,5	11,1
700921	22-24	8,8	7,2	8,3		6,0	80	2	7,9	10,7
700922	00-02	9,0	7,7	8,7		5,5	70	2	7,4	10,3
700922	02-04	9,6	8,0	10,3		6,0	80	2	6,9	10,0
700922	04-06	10,1	9,0	9,2		6,5	90	2	6,7	9,8
701002	16-18	8,1	6,9	2,1		1,0	270-300	0	8,4	11,0
701002	18-20	5,3	7,0	1,9		1,0	210-270	0	8,0	10,7
701002	20-22	2,7	6,8	2,8		1,0	100-150	0	7,2	10,2
701002	22-24	1,4	6,5	2,8		0,5	100	0	6,7	9,8
701003	00-02	1,2	6,4	3,2		1,0	110	0	6,4	9,6
701003	02-04	1,1	6,3	3,8		1,5	100	0	6,3	9,6
701003	04-06	1,5	6,3	3,2		1,5	110	0	6,3	9,6
701003	06-08	2,2	6,2	3,3		4,0	90	1	6,2	9,5
701003	08-10	3,9	5,9	3,4		6,5	90	2	6,2	9,5
701003	16-18	7,8	6,4	3,1		5,5	60	2	7,2	10,2
701003	18-20	5,3	5,8	4,0		4,0	50	2	7,3	10,2
701003	20-22	4,6	5,7	3,7		3,0	60-90	0	6,7	9,8
701003	22-24	4,0	5,5	4,2		2,5	40-80	0	6,3	9,6
701004	00-02	3,3	5,2	4,2		2,0	70	0	6,0	9,4
701004	02-04	3,0	4,9	4,0		2,0	60	0	5,8	9,2
701004	04-06	2,4	4,9	2,5		2,5	60	0	5,5	9,0
701004	06-08	2,5	4,7	2,9		4,5	60	1	5,4	9,0
701004	08-10	3,1	4,7	2,2		6,0	00	1	5,3	8,9
701004	16-18	5,1	5,8	7,5		7,5	30	2	6,5	9,7

DAGS	KL	TA	EA	V6	V2	N	D	W	TW	EW
701004	18-20	4,7	5,8	6,8		6,0	30	2	6,4	9,6
701004	20-22	4,1	5,7	7,7		5,0	30	2	6,0	9,4
701004	22-24	2,7	5,5	10,7		4,5	20	1	5,5	9,0
701005	00-02	2,6	4,9	8,5		5,0	0-60	1	5,0	8,7
701005	02-04	2,6	4,8	7,2		6,0	30-350	3	4,7	8,5
701005	04-06	2,6	5,0	5,1		7,0	350	8	4,8	8,6
701005	06-08	3,1	5,8	7,7		6,5	360	8	4,9	8,7
701005	08-10	4,4	6,1	9,2		4,0	10	3	5,2	8,9
701005	16-18	4,7	5,7	10,6		7,0	10	8	6,0	9,4
701005	18-20	3,9	5,3	8,5		7,5	30	2	5,8	9,2
701005	20-22	3,3	5,1	7,7		7,5	0-30	2	5,6	9,1
701005	22-24	2,8	5,0	7,6		6,5	0-30	2	5,2	8,9
701006	00-02	2,7	5,0	5,7		5,0	0-30	2	4,9	8,7
701006	02-04	2,1	4,8	7,6		4,5	360	1	4,8	8,6
701006	04-06	2,0	4,0	8,0		4,0	30	1	4,5	8,4
701006	06-08	2,1	4,1	5,1		3,5	0-30	0	4,2	8,3
701006	08-10	3,2	4,2	5,0		5,0	360	1	4,0	8,1
701006	16-18	4,2	5,1	11,2		3,5	350	1	5,6	9,1
701006	18-20	3,8	5,0	7,9		3,5	350	0	5,3	8,9
701006	20-22	3,7	4,8	6,4		3,0	340	0	4,8	8,6
701006	22-24	2,2	4,6	3,1		3,0	00	0	4,4	8,4
701007	00-02	1,6	4,5	2,3		3,5	00	0	4,3	8,3
701007	02-04	1,6	4,6	2,0		4,0	00	0	4,2	8,3
701007	04-06	1,4	4,6	2,2		3,5	00	0	4,2	8,3
701007	06-08	0,7	4,8	2,2		5,5	110	1	4,2	8,3
701007	08-10	1,1	5,0	1,8		8,0	110	2	4,4	8,4
701009	16-18	2,6	4,7	9,2		5,0	340	2	5,4	9,0
701009	18-20	1,7	4,3	7,5		4,0	340	1	5,1	8,8
701009	20-22	1,8	4,7	3,3		1,0	340	1	4,7	8,5
701009	22-24	-0,3	4,1	1,1		1,0	0-340	0	4,3	8,3
701010	00-02	-0,8	4,1	2,4		2,5	110	1	4,2	8,3
701010	02-04	-2,3	4,0	2,8		4,0	110	2	3,8	8,0
701010	04-06	-1,8	4,2	3,3		5,5	110	2	3,7	8,0
701010	06-08	-0,1	4,2	4,4		7,0	90	2	3,6	7,9
701010	08-10	1,1	4,5	6,2		7,0	100	2	3,5	7,9
701103	14-16	-2,5	2,7	5,3	4,5	7,0	70	2	1,0	6,6
701103	16-18	-2,5	2,7	5,1	4,5	7,0	70	2	0,9	6,5
701103	18-20	-2,5	2,9	5,4	5,0	7,0	70-90	2	0,8	6,5
701103	20-22	-1,6	3,2	7,0	6,0	7,0	90-60	4	0,8	6,5
701103	22-24	-2,1	3,3	6,8	5,6	7,5	60	7	0,9	6,5
701104	00-02	-1,8	3,2	7,2	6,4	8,0	60-90	7	0,9	6,5
701104	02-04	-1,4	3,2	7,3	6,2	8,0	90-60	4	0,9	6,5
701104	04-06	-1,0	3,3	8,6	7,3	8,0	60	2	0,8	6,5
701104	06-08	-0,8	3,9	7,5	6,3	8,0	70	4	0,9	6,5
701104	08-10	-0,1	4,2	6,0	5,2	8,0	70-90	7	1,1	6,6
701104	10-12	1,0	3,9	5,4	4,4	7,5	90	7	1,2	6,7
701111	14-16	-4,5	2,4	6,9	6,6	3,0	360	3	0,8	6,5
701111	16-18	-4,3	2,5	11,5	10,6	4,5	350	3	0,7	6,4
701111	18-20	-3,7	2,5	11,7	10,3	6,5	350	2	0,7	6,4
701111	20-22	-3,5	2,7	9,7	8,3	7,0	340	2	0,9	6,5
701111	22-24	-3,4	2,9	9,5	8,0	6,5	340	2	1,0	6,6
701112	00-02	-3,5	2,9	7,3	7,2	4,5	340	1	0,9	6,5
701112	02-04	-3,4	3,0	13,4	11,2	3,0	340	1	0,6	6,4
701112	04-06	-3,2	3,2	10,1	8,8	3,0	340	0	0,5	6,3
701112	06-08	-3,3	3,1	8,7	7,9	4,5	350	1	0,5	6,3
701112	08-10	-3,5	2,8	7,4	6,7	6,0	330-360	5	0,6	6,4
701112	10-12	-3,3	3,5	7,3	6,3	6,5	330-300	8	0,8	6,5
701115	14-16	1,6	4,7	14,6	13,4	8,0	90	7	0,8	6,5
701115	16-18	1,6	5,8	16,2	13,9	8,0	100	7	0,9	6,5
701115	18-20	1,5	6,0	14,7	13,6	8,0	90	7	1,0	6,6
701115	20-22	2,0	5,8	13,6	12,1	8,0	80	7	1,0	6,6
701115	22-24	2,4	5,6	14,9	13,4	8,0	70	7	1,1	6,6
701116	00-02	3,1	5,2	18,0	15,3	7,0	90	7	1,1	6,6
701116	02-04	3,3	4,7	18,5	16,0	6,0	90	5	1,1	6,6
701116	04-06	3,1	4,6	18,0	15,6	4,0	90	2	1,0	6,0
701116	06-08	2,9	4,4	15,4	13,9	4,0	90	1	0,9	6,5
701116	08-10	3,0	4,4	15,8	13,8	5,5	90	2	0,8	6,5
701116	10-12	3,2	4,4	13,9	12,6	6,0	70	2	0,8	6,5
701125	12-14	-7,1	2,5	1,5		1,0	170	0	0,3	6,3
701125	14-16	-7,1	2,4	2,9		2,0	140	0	0,3	6,3

DAGS	KL	TA	EA	V6	V2	N	D	W	TW	EW
701125	16-18	-9,0	2,2	2,1		1,5	160	0	0,3	6,3
701125	18-20	-10,0	2,1	2,5		1,0	150	0	0,2	6,2
701125	20-22	-9,8	2,1	2,9		1,0	120	1	0,2	6,2
701125	22-24	-7,4	2,5	2,9		4,0	120	1	0,3	6,3
701126	00-02	-3,3	3,2	4,3		7,0	110	2	0,5	6,3
701126	02-04	-2,2	4,2	1,8		7,0	160	2	0,8	6,5
701126	04-06	-0,5	5,2	1,3		7,5	180	2	1,1	6,6
